

Hefðin og nývæðingin

Ólík sýn á trúarþókmenntir lærdómsaldar

Torfi K. Stefánsson Hjaltalín, doktor í guðfræði

Inngangur

Umfjöllun hér á landi um siðaskiptin og tímarn í kjölfar þeirra, allt fram undir aldamótin 1800, hefur löngum einkennst af sjónarmiðum mótuðum af sjálfstæðisbaráttu Íslendinga. Með siðaskiptunum jókst stórlega vald Dana yfir Íslandi samfara lakari lífskjörum almennings sem hafa verið rakin til einokunarverslunar Dana frá og með byrjun 17. aldar. Því hefur þessi tími lengstum verið túlkaður á neikvæðan hátt eða þar til fræðimenn fóru að endurskoða þetta viðhorf — enda sjálfstæðisbaráttunni löngu lokið og alþjóðahyggjan tekin við.

Þrátt fyrir það hefur þessi afstaða til siðaskiptanna og afleiðinga þeirra verið ríkjandi hvað trúararfleifðina varðar. Kominn er tími til að endurskoða þessa þætti einnig og láta lútherskuna, sérstaklega rétttrúnaðinn, njóta sama sannmælis og þjóðfélag þessa tíma er farið að njóta, þrátt fyrir allt, nú um stundir.

Hér verður greint frá viðhorfum fræðimanna til trúarhefðarinnar frá tíma upplýsingar til dagsins í dag, reynt að rýna í orsakir þeirra (þ.e. hinnar neikvæðu sýnar) og haldið fram þörfinni á uppgjöri við þessa neikvæðni, rétt eins og hefur gerst á öðrum sviðum hugvísinda.

Sjálfstæðisbaráttan og trúarhefðin

Segja má að áhrifin frá sjálfstæðisbaráttunni á túlkun trúarhefðarinnar hafi byrjað hér á landi með skrifum Sigurðar Guðmundssonar (1833–1874) málara og sr. Arnljóts Ólafssonar (1823–1904). Sigurður segir beint út: „Siðabótin, sem Danir ruddu hér veg með ofbeldi, varð að mörgu leyti að hinu mesta sífjaspelli hér á landi. Við hana kom

kyrkingur í allt hið þjóðlega líf.“ Í samræmi við þetta kallar hann allt tímabilið 1550–1800, „vanþrifa tímabil“.¹

Sömu viðhorf einkenna skrif Þorvaldar Thoroddsens (1855–1921) í *Landfræðissögu* hans. Þar er einungis önnur hliðin, sú dökka, dregin upp af 17. öldinni: kúgun og kvöl, myrkur og dauði, galdrar og hjátrú. Lifandi og sterk trú þjóðarinnar á þessum öldum, sem og kveðskapur sr. Hallgríms Péturssonar (1614–1674) og sr. Stefáns Ólafssonar í Vallanesi (1619–1688) sem er til marks um hina jákvæðu hlið, er ekki nefnd til mótvægis.

Sama má sjá í aldamótagein Þorvaldar um báðar aldirnar, þá sautjándu og þá átjándu, þar sem hann fjallar um vesaldóm þjóðarinnar á fyrri öldum eða allt fram á 19. öldina þegar upplýsingin kom þjóðinni til bjargar: „Hversu ólíkt mundi það ekki hafa verið, að ríða um landið á 17. öld, þegar hjátrúarmuggan lá eins og farg á þjóðinni, svo það nötruðu í þeim tennurnar af ótta, ef það hrikti í skjáglugga, eða á 18. öld, þegar bændur voru gjörsamlega niðurbældir af fátækt og vesaldómi.“²

Í þessum ummælum sameinast gagnrýni upplýsingarinnar um aldamótin 1800 annars vegar og frjálslyndu guðfræðinnar (líberalismans) um 1900 hins vegar gegn rétttrúnaðinum. Meira um upplýsinguna hér síðar.

Hið mikla rit Páls Eggerts Ólasonar (1883–1949) sagnfræðiprófessors um siðskiptaöldina, *Menn og menntir* I–IV sem kom út á árunum 1919–1926, festi þessi viðhorf kirfilega í sessi. Páll Eggert kallar aldirnar eftir siðaskiptin „trúarsorta“-aldirnar sem rímurnar hafi verið kærkomið andóf gegn. Glaðlyndi og táp þeirra hafi bjargað almenningi frá „sturlun af völdum ógnakenninga kirkjunnar“ og haldið þannig, með naumindum, lífsþróttinum í þjóðinni.³ Hann kallar lútherskuna útlenska öfgastefnu, sem einkenndist af mannúðarleysi og skilningsleysi á mannlegt eðli, stefnu „sem lýsti sér í gleðisneiddum kristindómi, vandlættingarsemi, hörðum hegningum“.⁴ Hið þjóðlega á hug hans allan í sönnum þjóðernisanda sjálfstæðisbaráttunnar: „hin almenna þjóðernistilfinning, runnin frá ást almennings á tungu og eldri og yngri menntum og fræðum, hélt við

¹ Sigurður Guðmundsson. *Skýrsla um forngripasafn Íslands í Reykjavík*. I. bindi. 1863–1866, Kaupmannahöfn 1868, bls. 28, 30.

² Þorvaldur Thoroddsen. „Hugleiðingar um aldamótin. Tveir fyrirlestrar“, *Andvari* 26. árg. Reykjavík 1901, bls. 26.

³ Páll Eggert Ólason. *Menn og menntir siðskiptaaldarinnar á Íslandi*. II. bindi. Ögmundur Pálsson, Gizur Einarsson og samherjar hans. Reykjavík 1919, bls. 529.

⁴ Sami. *Menn og menntir siðskiptaaldarinnar á Íslandi*. IV. bindi. Rithöfundar. Reykjavík 1926, bls. 406.

bókmenntum þessarar þjóðar, en ekki að neinu leyti útlendar stefnur eða straumar.“⁵ Hjá honum hvíldi allt á innlendum stöðum, á hinum þjóðlega anda.

Frjálslyndu aldamótuguðfræðingarnir svo sem sr. Þorkell Bjarnason (1839–1902) og sr. Matthías Jochumsson (1835–1920) tóku undir þetta. Sr. Þorkell skrifar, rétt fyrir aldamótin 1900, grein um siðaskiptin. Hann leggur áherslu á það hve miklu kirkjan tapaði af völdum sínum með siðaskiptunum. Konungur verður æðsti stjórnandi hennar, sjálfstæði kirkjunnar hverfur, hún missir löggjafarvaldið og allan sakeyri og að auki dómsvaldið yfir leikmönnum. Öllu þessu hafi verið þröngvað í gegn með vopnavaldi.⁶ Biskupsvaldið skerðist mjög og fjárforræði stólseignanna fer á hendur konungi. Um trúarlífið sjálf segir hann að meira hafi borið á helvítisboðskapnum en náðarboðskapnum. Lögmálið hafi verið boðað en huggunin ekki, þ.e. fagnaðarerindisins „ekki [...] minnst með einu orði“.⁷ Hjátrú hafi verið mikil og tengst djöflatrúnni. Hún hafi svo skapað galdratrúna.⁸

Sama viðhorf einkennir skrif sr. Matthíasar. Hann vill meina að skjól hins gamla siðar hafi horfið, hið gamla og góða farið í kaldakol, biskupsstólarnir svipur hjá sjón og klaustrin rústir einar. Hann saknar meira að segja Maríu- og dýrlingadýrkunarinnar.⁹ Hugsýki og sturlun stríddi á alþýðu manna. Bókstafstrú rétttrúnaðarins er kennt um galdraofsóknirnar og að hafa innleitt djöflahræðsluna. Því finnst sr. Matthíasi vandasamt að meta það hvort siðaskiptin hafi verið til góðs eða ekki. Líf og sál kirkjunnar hafi verið skilin eftir. Rétttrúnaðurinn var ranghverfan á fagnaðarerindi Krists. Það væri þýsku háskólunum að kenna.¹⁰

Svipuð viðhorf koma fram í *Kristnisögu* Jóns Helgasonar (1866–1942) biskups, helsta leiðtoga aldamótuguðfræðinnar á fyrri hluta 20. aldar. Þar kennir hann rétttrúnaðinn við myrkrafylgi, galdrabrennur og „ömurlega hindurvitrú“.¹¹ Hann talar um 17. öldina sem „tímabil hinnar mestu þröngsýni og hins skaðlegasta myrkrafylgis“

⁵ Sami. *Menn og menntir siðskiptaaldaðarinnar á Íslandi*. IV. bindi. *Rithöfundar*, bls. 785.

⁶ Þorkell Bjarnason. „Þáttur úr sögu Íslands á síðari helming 16. aldar“, *Tímarit Hins íslenska bókmenntafélags* 17. árg. 1896, bls. 25, 27.

⁷ Sama heimild, bls. 45n (46).

⁸ Sama heimild, bls. 68.

⁹ Matthías Jochumsson. „Hallgrímur Pétursson. Erindi flutt í Akureyrarkirkju 1. sunnudag í föstu“, *Skírnir* 88. árg. Reykjavík 1914, bls. 185.

¹⁰ Sama heimild, bls. 187.

¹¹ Sjá umfjöllun hjá Lofti Guttormssyni. *Kristni á Íslandi*. III. bindi. *Frá siðaskiptum til upplýsingar*. Ritstj. Hjalti Hugason. Reykjavík 2000, bls. 9.

sem „lagðist eins og mara á andlegt líf þjóðarinnar.“¹² Þetta hafi verið öld hjátrúar. Trúin á djöfulinn og illa anda hafi aldrei verið meiri en á þessum tíma: „Hysteriets og Nervevækkelsens Tid i Island“ segir hann í danskri útgáfu *Kirkjusögu* sinnar.¹³ Þá hafi siðferðinu verið ábótavant, menntun alþýðu léleg sem og skólarnir. Kristindómurinn hafi verið mestur á yfirborðinu. Minna hafi verið hugsað um ávexti trúarinnar „í bættu líferni“.¹⁴ Þetta er greinilega gagnrýni á rétttrúnaðinn.

Áðurnefnd andúð sr. Matthíasar á þýskum áhrifum kemur einnig vel fram hjá Halldóri Laxness í grein hans, „Inngangur að Passíusálmum“, sem birtist fyrst í tímaritinu *Iðunni* árið 1932. Grein Laxness er einhver frægasta árás á lútherskan sið sem skrifuð hefur verið hér á landi. Halldór talar um hina þýsku nýskipan um endurlausn mannsins, þ.e. friðþægingarþemað, sem hann segir að Guðbrandur Hólabiskup hafi tekið að sér að útskýra á ofstækisfullan hátt frá og með sálmabókinni árið 1589 og þar með að brjóta, eyðileggja og afsiða bókmenningu Íslendinga. Honum er tíðrætt um einræði og harðstjórn Dana á Íslandi eins og lenska var á þessum árum. Laxness kallar guðfræðistefnu rétttrúnaðarins dulspekina um Jesú og segir hana fjalla um „nauðsyn þess að menn samkveljist honum“.¹⁵ Tilveruréttur mannsins sé sá einn að þjást og þola allan órétt með þökk – launin bíða eftir dauðann, í himnaríki hinna endurleystu. Sálarlíf trúarskálða þessa tíma hafi einkennst af geðveiki, svo sem dýrkun á sárum Jesú sem skjól hins synduga og þjáða. Siðbótin hafi verið „forherðing skynseminnar“.¹⁶ Það hafi hlaupið ofvöxtur í Jesú á siðbótartímanum.

Nóbelskálðið fékk margar hugmyndir sínar úr meistaraþrófsritgerð vopnabróður síns, Kristins E. Andréssonar (1901–1973), frá árinu 1928 sem fjallar um skáldskap sr. Stefáns í Vallanesi. Þar fullyrðir Kristinn að þó svo að *Passíusálmarnir* séu fallegir séð út frá forminu þá eigi það ekki við hvað efni varðar. Þar talar Kristinn um „það dökka díki“:

¹² Jón Helgason, *Kristnisaga Íslands. Frá öndverðu til vorra daga*. II. bindi. *Kristnihald þjóðar vorrar eftir siðaskipti*. Reykjavík 1927, bls. 144. Sjá einnig umfjöllun hjá Matthíasi Viðari Sæmundssyni. „Galdur og geðveiki. Um píslarsögur og galdrasóttir á sautjándu öld“, *Píslarsaga séra Jóns Magnússonar*. Matthías Viðar Sæmundsson sá um útgáfuna. Þórður Ingi Guðjónsson og Jón Torfason bjuggu viðauka til prentunar. Reykjavík 2001, bls. 410n.

¹³ Jón Helgason. *Íslands kirke fra reformationen til vore dage. En historisk fremstilling*. København 1922, bls. 102nn (104). Jón Helgason 1927, bls. 171nn.

¹⁴ Jón Helgason 1922, bls. 106n. Jón Helgason 1927, bls. 193–95 (195).

¹⁵ Halldór Laxness. „Inngangur að Passíusálmum“, *Vettvangur dagsins. Ritgerðir*, 3. útgáfa endurskoðuð. Reykjavík 1979 (1. útgáfa 1942), bls. 11n.

¹⁶ Sama heimild, bls. 26.

„Efnið [sé] afskaplegt eins og gefur að skilja.“ Ástæðan er sú að trúarstefnan og kirkjan sé „hvorttveggja jafn brjálað og þröngsýnt“. Megnið af sálmunum sé „bænarkvak“. Skáldin koma „kjökrandi og kveinandi“ fram fyrir Drottin „flatir í auðmýkt og hræddir“. Rétttrúnaðurinn sé sökudólgurinn. Menn hafi aldrei verið trúaðri en á 17. öld, „enda aldrei jafn beygðir“. ¹⁷ Ömurleg trúarstefna 17. aldar hafi sett sálmakveðskapnum skorður. ¹⁸

Þessi tónn heyrir víða enn í dag. Frekar nýlegt dæmi er umfjöllun Matthíasar Viðars Sæmundssonar (1954–2004) í þriðja bindi *Íslenskrar bókmenntasögu* frá árinu 1996. Hann leggur þar mikla áherslu á bölmóð þjóðarinnar á 18. öld. Sektarkenndin hafi verið náðarhugsuninni yfirsterkari. Tekið er dæmi af þjóðsögum aldarinnar sem séu uppfullar af hryllingi og lýsi afskræmdu tilfinningalífi. Djöfullinn hafi verið ríkjandi í mannlífinu. ¹⁹ Í grein nokkrum árum áður skrifar Matthías Viðar einnig um sturlunareinkenni aldarinnar. Hann kennir rétttrúnaðinum og siðbótinni um það sem hann segir hafa verið „ofstækisfull trúarskoðun“. Parna eru margar fullyrðingar settar fram án þess að vísa í heimildir, svo sem þessi: „Dauðinn varpaði löngum skugga og kallaði á ofsafengna útrás í drykkjuskap og kynlífi sem aftur olli nístandi sektarkennd og harðneskjulegum refsingum. Lostinn og grimmdin ferðuðust í sama vagni“. ²⁰ Vítiskenning kirkjunnar var aðalsökudólgurinn í því að koma á félagslegri sálsýki þjóðarinnar, öðru nafni útskúfunarkenningin. Hún skapaði „sjúklega skelfingu“ og geðveiki varð útbreidd af völdum hennar. ²¹ Svipaður tónn er í grein Matthíasar ári síðar. Þar segir hann þetta um 17. öldina: „lostinn og grimmdin leysist úr læðingi hugmyndakerfa, viðtekin heimsskipan riðlast, jafnvægi brestur og sálsýkiskennd orðræða ryður sér til rúms.“ Hið óhugnanlega tekur á sig „magnaðri mynd“ en nokkru sinni. ²²

¹⁷ Kristinn E. Andrésson. *Síra Stefán Ólafsson í Vallanesi og skáldskapur hans*. Meistaraprófsritgerð í íslenskum fræðum við Háskóla Íslands. Reykjavík 1928, bls. 204–206. Svipuð ummæli má finna hjá Óskari Halldórssyni. *Bókmenntir á lærdómsöld 1550–1770*. Reykjavík 1996, bls. 57 („bænakvak“, „kvein“ sem verður að „ríkjandi sálmátóni“ og „eymdarsöng“).

¹⁸ Sama heimild, bls. 455.

¹⁹ Matthias Viðar Sæmundsson. „Upplýsingaröld 1750–1840“, *Íslensk bókmenntasaga* III. bindi. Ritstj. Halldór Guðmundsson. Reykjavík 1996, bls. 21–218.

Sami höfundur. „Heil öld á heljarþróm. Syndum spilltur eymdarlýður og straff Guðs.“ *Lesbók Morgunblaðsins* 18. mars 1989, bls. 8n (9) og 1. apríl sama ár, bls. 6n.

²¹ Sama heimild, bls. 9. Sjá einnig svipaða gagnrýni hjá Óskari Halldórssyni 1996, bls. 66.

²² Sami höfundur. „Íslands er þjóð, öll sökkt í blóð“. Tyrkjarán og Spánverjavíg“, *Skírnir*. 164. árg. Reykjavík haust 1990, bls. 332.

Matthías Viðar er í raun undantekningin í hópi bókmenntafræðinga, allt frá því að Sigurður Nordal hóf á þriðja áratugnum að verja rétttrúnaðinn og lútherskuna. Sigurður talaði þá þegar um „hinn mikla evangelíska lúterska kristindóm“ sem skapaði klassísk, bókmenntaleg stórvirki sem jafnist á við það besta í trúarbókmenntum nágrennalandanna. Þessari skoðun hélt hann fram alla tíð svo sem í bókinni um Hallgrím Pétursson frá árinu 1970 þar sem hann talar m.a. um að lútherskur rétttrúnaður hafi verið „mesta blómaskeið íslenskrar kristni fyrr og síðar“.²³

Í dag er staðan að mörgu leyti önnur. Bókmenntafræðingarnir fjalla yfirleitt um trúararfinn á hlutlægan hátt. Má þar nefna þrjá fræðimenn sem hafa skrifað doktorsritgerðir um trúarlegar bókmenntir á 17. og 18. öld. Það eru þær Margrét Eggertsdóttir, Guðrún Ingólfssdóttir og Þórunn Sigurðardóttir. Þær hafa þó ekki komið trúararfinum til varnar nema á óbeinan hátt. Það er helst Margrét Eggertsdóttur sem hefur svarað gagnrýninni. Hún mótmælir t.d. þeirri algengu fullyrðingu að ekki hafi verið mikið að sækja til Þýskalands á 17. öld vegna þess hve 30 ára stríðið (1618–1648) hefði haft neikvæð áhrif á þýska menningu (svo Óskar Halldórsson t.d.).²⁴ Því hafi Danmörk og Ísland staðnað og einangrast menningarlega séð þar sem danska ríkið sótti sína menningu þangað að mestu leyti. Sama má reyndar segja um þýsku upplýsinguna á 18. öld. Hún hafi verið íhaldssöm og því ekki verið mikið í hana að sækja. Margrét andmælir þessu og vitnar í rannsóknir þýskra bókmenntafræðinga um mikinn lærdóm þýskra skálda á þessum tímum.²⁵

Áhrif frá gagnrýni upplýsingar

Segja má að árásir Magnúsar Stephensens á hinn gamla trúararf hafi byrjað með útgáfu tímaritsins *Minnisverð tíðindi* árið 1796. Þar talar hann um hinn fúla smekk almennings og gagnrýnir þar almenning fyrir hjátrú og upplýsingarleysi. Í formála fyrstu bókarinnar sem kom út á vegum Landsuppfræðingarfélagsins árið 1795, *Sumargjöf handa börnum*, gagnrýnir hann enn fremur þá óupplýstu fyrir að vera á móti öllum nýjungum.²⁶ Í ræðu

²³ Sigurður Nordal. *Hallgrímur Pétursson og Passíusálmarnir*. Reykjavík 1970, bls. 58.

²⁴ Margrét Eggertsdóttir. *Barokkmeistarinn. List og lærdómur í verkum Hallgríms Péturssonar*. Reykjavík 2005, bls. 36.

²⁵ Sama heimild, sama stað.

²⁶ Magnús Stephensen. „Formáli“, Guðmundur Jónsson, *Sumargjöf handa börnum*. Leirárgörðum við Leirá 1795, bls. 5n. Sjá einnig Torfa K. Stefánsson Hjaltalín. „*guð er sá, sem talar skáldsins raust*“. *Trú og hugmyndafræði frá píetisma til rómantikur*. Reykjavík 2006 [2006a], bls. 217.

Magnúsar við minningarathöfn um Hannes Finnsson Skálholtsbiskup undir lok árs 1796 fer hann ekki heldur fögrum orðum um þjóð sína. Hún lifi í fáfræðismyrkri og vanvisku. Ástæða þessa kemur fram í *Minnisverðum tíðindum* árið 1797, eða vegna þess að þjóðin lifir „...við illan upphræring gamals grautar á Hólum“.²⁷ Hann nefnir Gerhardshugvekjur sem dæmi um gömul og ófáguð dulhyggjurit og kallar þau „crasse, mystiske“.²⁸

Þrátt fyrir þessi ummæli gaf Magnús út eitt þessara rita, *Krossskólasálmana*. Hann afsakar útgáfuna í greinargerð til danskra stjórnvalda og segir allt landið hafa kallað eftir henni. Hann hefði þó fjarlægt úr henni allt það sem var gróft, stuðandi og rangt. Það hafi valdið mikilli óánægju almennings sem sagði að þar með hafi bókin verið eyðilögð. Markmið hans með þessu hefði einmitt verið að afklæða lærdóminn sínum myrku dulhyggjuklæðum.²⁹ Sú útgáfa sýnir reyndar að gamla hugvekjuefðin naut enn mikilla vinsælda á þessum árum.

Í ritinu *Hjálpræði í Neyd* frá árinu 1801 liggur Magnúsi ekki gott orð til heimilisguðrækninnar. Lökustu búmennirnir „...hanga oftast í postillum, bæna- og sálmaskrædum [...] lesa og syngja öll kvöld Kyrie, Gloríur, Halelújain og Creddur á hvern aftekinn pápískan helgidag, sem þeir finna í almanakinu“. Honum finnst nær að börnin lesi upplýstar bækur frekar en „...gamlar Tárapressur, Krossskóla, Iðrunarspegla, Paradísaraldirgarða, Sigurhróss- og Gerhardshugvekjur, sem víða ýkja og rugla heilbrigða skynsemi, en fylla víli og örvæntingu í staðinn, og taka allan kjark til góðs úr mönnum.“³⁰

Þessi og svipuð skrif leiddu til deilna í danska tímaritinu *Nyeste Skilderie af Kjøbenhavn* árið 1808 milli Magnúsar og Íslendingins Gríms Thorkelíns (1752–1829), en hann var leyndarskjalavörður Danakonungs.³¹ Í svari Gríms við innleggi Magnúsar

²⁷ Sjá Torfa K. Stefánsson Hjaltalín, 2006a, bls. 218.

²⁸ Sjá Loft Guttormsson. „Bókmenning á upplýsingaröld. Upplýsing í stríði við alþýðumenningu“, *Gefið og þegið. Afmælisrit til heiðurs Brodda Jóhannessyni sjötugum*. Reykjavík 1987, bls. 255. Hér var Magnús að undirbúa yfirtökuna á Hólaprenti en það var lagt niður árið síðar, 1798, og eignaðist prentverk Magnúsar að Leirárgörðum það sama ár. Sjá um þetta hjá Torfa K. Stefánssyni Hjaltalín. „Stólarnir á 18. öld. Stefnur og straumar“, bls. 607–673. *Saga biskupsstólanna. Skálholt 950 ára – 2006 – Hólar 900 ára*. Ritstj. Gunnar Kristjánsson. Reykjavík 2006b [2006b], bls. 641–643.

²⁹ Sama heimild, sama stað, sjá Magnús Stephensen í *Eptirmæli Atjándu aldar eptir Krists hingatburd, frá Ey-konunni Islandi* ... Leirárgörðum 1806, bls. 799.

³⁰ Becker, Rudolf Zacharia. *Hjálpræði í Neyd*. Magnús Stephensen þýddi og staðfærði. Leirárgörðum 1801. bls. 55n, 58.

³¹ Sjá nánar um þessar deilur, og um Grím, hjá Torfa K. Stefánssyni Hjaltalín 2006a, bls. 280–284 og á bls. 195n, 201n og 321.

kemur m.a.fram að í *Collegial Tidende* árið 1800 hafi Magnús átt grein þar sem hann fullyrðir að ekki séu aðrar bækur í umferð á Íslandi um þessar mundir en eldgömul, smekklaus dulhyggjurit frá siðbótartímanum.³² Grímur mótmælir þessu og spyr hvort þetta sé ekki lastmæli, söguburður og rógur gagnvart heilli þjóð – og bendir á yfirlýsingar erlendra ferðamanna um að þekkingarstaða Íslendinga sé yfirleitt góð.

Í bréfadeilum Magnúsar og sr. Jóns Jónssonar lærða árið 1820 gagnrýnir Magnús enn hinn eldri skáldskap og talar um hið dulræna sem óskáldlegt þar sem „...aðeins andlega voluð [og] fróm andakt að vanalærdómi“, komist að.³³

Þessar deilur héldu síðan áfram allan þriðja áratug 19. aldar í tengslum við útgáfur íslenskra stúdenta í Kaupmannahöfn, m.a. á Vídalínspostillu. Magnús gagnrýndi harðlega fyrirhugaða endurprentun á þessari ófáguðu miðaldaguðfræði og dulhyggju: „...den crasse, middelalderens theologie og mystic“, og fór fram á bann á útgáfunni og aðrar slíkar, enda ætti Viðeyjarprent útgáfuréttinn.³⁴ Ekki var orðið við þessum kröfum Magnúsar og kom *Vídalínspostilla* út á árunum 1827–1828. Hún hlaut mjög góðar viðtökur og seldist í fjögur þúsund eintökum. Hún var endurútgefin strax næsta ár, 1829, og enn árið 1838.³⁵ Ljóst er af þessum viðtökum að ekki réð smekkur almennings eða gróðavon útgáfu Magnúsar Stephensens. Eftir lát hans árið 1833 hófst mikil útgáfa gamalla guðsorðabóka til að anna þessari eftirspurn eftir eldri trúarbókmenntum sem Magnús hafði ekki viljað gefa út meðan hann einokaði prentverkið.

Reyndar má allt eins segja að þessi bókmenntasmekkur Magnúsar hafi byggst á fordómum gagnvart öllu því sem gamalt var. Örlög biskupsstólanna á tímum upplýsingar, sem og dómkirkjunnar í Skálholti og innviðum hennar, sýna tilfinnanlegan skort á skilningi á gildi fortíðarinnar og virðingu fyrir sögulegum minjum. Ekki aðeins urðu fornar bókmenntir fyrir barðinu á hinum upplýsta smekk, heldur glataðist einnig mikið af

³² Grímur Thorkelin. „Til det Danske og Islandske Publicum, i Anledning af hr. Justiceråd og Justitiarii M. Stephensens ubeføjede Adfærd i Nyeste Skilderie af Kjøbenhavn nr. 86“, bls. 1405. *Nyeste Skilderie af Kjøbenhavn* 5/90. København 1808, bls. 1421-31 (1421n), sjá einnig Magnús Stephensen, „Blandede Efterretninger“, í *Collegial-Tidende* 3. årg. 5. júlí 1800, bls. 425–30.

³³ Sigfús Jón Arnason, *Frá deilum sr. Jóns lærða í Möðrufelli og Magnúsar Stephensen um sálmakveðskap og trúarbrögð*. Námsritgerð við Háskóla Íslands. Reykjavík 1965, bls. 116. Sjá einnig umfjöllun hjá Torfa K. Stefánssyni Hjaltalin 2006a, bls. 406–415.

³⁴ ÞÍ. Hið danska kansellí 1928. KA/101-26 (Bréf dags. 29. febrúar 1824).

³⁵ Sjá Þorkel Jóhannesson. *Saga Íslendinga*. VII. bindi. *Tímabilið 1770–1839. Upplýsingaröld*. Reykjavík 1950, bls. 370.

fornum munum kirknanna á tímum upplýsingar, mun fleiri gripir en á sjálfum siðbótar-tímanum.³⁶

Ummæli útlendinga um land og þjóð

Segja má því, séð með augum þeirra sem vilja varðveita það sem gamalt er, að sem betur fer stóð tími upplýsingar stutt hér á landi. Þegar um 1810 fóru að heyrast raddir frá erlendum ferðamönnum sem sýndu að nýir tímar voru í nánd, tímar þar sem rómantísk sjónarmið urðu ráðandi. Ég nefni tvo þeirra hér. Fyrst Henry Holland (1788–1873) sem var hér á ferð sumarið 1810. Hann var mjög jákvæður gagnvart landi og þjóð, einkum menntun þjóðarinnar. Bréf Hollands er birt í formála bókar hans um Íslandsdvölinu, *Dagbók í Íslandsferð*, sem kom út í íslenskri þýðingu Steindórs Steindórssonar 1960. Þar segir hann m.a.: „Fræðslukerfi Íslendinga meðal allra stétta er afbragðsgott, og síðast en ekki síst þá er bókmenntaleg menning þar á háu stigi og meira að segja finnst þar fágaður smekkur á fögrum bókmenntum.“ Meira að segja latínan er töluð með „cicerónskum glæsileika“ og einfaldir fiskimenn yrkja þar „ljóðakveðskap af hinnu tærustu gerð“.³⁷ Hann er ekki hrifinn af hífylum landsmanna en menningarstigið standi hærra. Fólkið í hreysunum hafi yfir sér „menningar og kurteisisbrag“.³⁸ Í bók George Steuart Mackenzies um Íslandsferð þeirra félaga eru þrjú kaflar eftir Holland. Þar hrósar hann þjóðinni mjög: „...an exalted character in all religious and social duties, liberal methods of education, and the culture of even the more refined branches of literature and knowledge.“³⁹ Menntunarstigið sé mjög hátt og almennt, jafnvel hærra en annars staðar í Evrópu.⁴⁰ Einnig er fjallað á jákvæðan hátt um læsis- og skriftarkunnáttu almennings og um uppfræðsluskyldu húsbændanna sem og um húslestrana sem séu lesnir á dimmum vetrarkvöldum við ljóstýru í hreysum landsmanna. Holland kallar þá „lessons of

³⁶ Sjá umfjöllun hjá Torfa K. Stefánssyni Hjaltalin 2006b, bls. 657–667 (666n) og eftir sama höfund *Íslensk kirkjusaga*. Reykjavík 2012, bls. 220.

³⁷ Henry Holland. *Dagbók í Íslandsferð*. Íslensk þýðing og skýringar eftir Steindór Steindórsson sem einnig skrifar formála, bls. 7–18 (16). 2. útgáfa. Reykjavík 1992 (1. útgáfa 1960). Á ensku heitir bókin: *A Journal of a Voyage etc. to Iceland in the Summer of 1810*. Sjá einnig Torfa K. Stefánsson Hjaltalin 2006a, bls. 371.

³⁸ Sama heimild, bls. 30n.

³⁹ Henry Holland. „Preliminary Dissertation on the History and Literature of Iceland“, bls. 3–70 (3). George Steuart Mackenzie. *Travels in the Island of Iceland during the Summer of the Year MDCCCX* [1810]. Edinburgh 1811.

⁴⁰ Sami höfundur, sama rit en önnur grein: „Present State of Education and Literature“, bls. 285–311 (286).

knowledge, religion, and virtue“.⁴¹ Allir þeir sem menntaðir séu skilji dönsku og margir þýsku. Skáldskapur sé í hávegum hafður. Trúhneigð Íslendinga hafi skapað mörg trúarleg ljóð.⁴² Bretarnir tala um trúarlífið sjálft og siðferði landsmanna „...in terms of the most exalted commendation“. Íslendingar sjái börnum sínum ekki aðeins fyrir fæði og klæði heldur kenni þeim einnig dyggðir og miðli þekkingu til þeirra. Persónuleiki þeirra sé virðulegur og siðsamlegur: „...displays the stamp of honour and integrity“.⁴³ Eins og eflaust margir vita voru ummæli Ebenezer Hendersons, sem var hér á árunum 1814–1815, á svipuðum nótum.⁴⁴

Lokaorð: Áhrif trúarbókmenntanna á almenning

Deilt hefur verið um það hve mikil áhrif útgáfa kirkjunnar á trúarlegum bókmenntum hafði á þjóðina. Sumir telja að þau hafi verið lítil vegna þess að almenningur kunni almennt ekki að lesa. Nýjustu rannsóknir sýna þó að læsi var útbreiddara en margir nútíma- fræðimenn hafa viljað halda fram.

Einnig hefur verið bent á að samfélagið hafi verið einsleitara en áður hefur verið talið. Lítil munur hefði verið á lærðri menningu og þeirri þjóðlegu. Prestarnir, hinir menntuðu, hafi lifað við svipuð kjör og bændur. Því sé ekki rétt að greina að alþýðumeningu og yfirstéttarmeningu.

Auk þess er nú almennt viðurkennt að bókaútgáfa kirkjunnar hafi haft áhrif á almenning. Bóklestur feli í sér virka ummyndun þess sem lesið er. Tengslin milli kirkju og kristni annars vegar og þjóðar og menningar hins vegar hafi þannig verið gagnvirk. Guðrækni á heimilunum hafi einmitt stuðlað að miklum áhrifum kirkjunnar á hug fólks, með hjálp bókvæðingarinnar: „...guðsorð í prentuðu máli komst inná flestöll heimili landsins.“⁴⁵

⁴¹ Sama heimild, bls. 292.

⁴² Sama heimild, bls. 299n.

⁴³ Sama heimild, bls. 324–33 (331n).

⁴⁴ Sjá t.d. Torfa K. Stefánsson Hjaltalín, 2006a, bls. 374.

⁴⁵ Loftur Guttormsson 2000, bls. 363. Sjá einnig Loft Guttormsson, „Læsi“, *Íslensk þjóðmenning*. VI. bindi. *Munnmenntir og bókmennning*. Ritstj. Frosti F. Jóhannesson. Reykjavík 1989, bls. 132.

Heimildaskrá

Óprentaðar heimildir

- ÞÍ. Hið danska kansellí 1928. KA/101-26 (Bréf dags. 29. febrúar 1824).
 Kristinn E. Andrésson. *Síra Stefán Ólafsson í Vallanesi og skáldskapur hans*.
 Meistaraprófsritgerð í íslenskum fræðum við Háskóla Íslands. Reykjavík 1928.
 Sigfús Jón Árnason. *Frá deilum sr. Jóns lærða í Möðrufelli og Magnúsar Stephensen um sálmakveðskap og trúarbrögð*. Námsritgerð við Háskóla Íslands. Reykjavík 1965.

Prentaðar heimildir

- Becker, Rudolf Zacharia. *Hjálpræði í Neyd*. Magnús Stephensen þýddi og staðfærði. Leirárgörðum 1801.
- Grímur Thorkelin. „Til det Danske og Islandske Publicum, i Anledning af hr. Justiceråd og Justitiarii M. Stephensens ubeføjede Adfærd i Nyeste Skilderie af Kjøbenhavn nr. 86“, bls. 1405. *Nyeste Skilderie af Kjøbenhavn* 5/90. København 1808, bls. 1421–1431.
- Halldór Laxness. „Inngangur að Passíusálmum“, bls. 7–44. *Vettvangur dagsins. Ritgerðir*, 3. útgáfa endurskoðuð. Reykjavík 1979 (1. útgáfa 1942).
- Holland, Henry. „Preliminary Dissertation on the History and Literature of Iceland“, bls. 3–70. Í Mackenzie, George Steuart. *Travels in the Island of Iceland during the Summer of the Year MDCCCX* [1810]. Edinburgh 1811.
- Sami. „Present state of education and literature“, bls. 285–311. Í Mackenzie, George Steuart. *Travels in the island of Iceland during the summer of the year MDCCC* (1810). Edinburgh 1811.
- Sami. *Dagbók í Íslandsferð*. Íslensk þýðing og skýringar eftir Steindór Steindórsson sem einnig skrifar formála, Önnur útgáfa. Reykjavík 1992. (1. útgáfa 1960). Á ensku heitir bókin: *A Journal of a Voyage etc. to Iceland in the Summer of 1810*.
- Jón Helgason. *Íslands kirke fra reformationen til vore dage. En historisk fremstilling*. København 1922.
- Sami. *Kristnisaga Íslands. Frá öndverðu til vorra daga*. II. bindi. *Kristnihald þjóðar vorrar eftir siðaskipti*. Reykjavík 1927.
- Loftur Guttormsson. „Bókmenning á upplýsingaröld. Upplýsing í stríði við alþýðumenningu“, *Gefið og þegið. Afmælisrit til heiðurs Brodda Jóhannessyni sjötugum*. Reykjavík 1987, bls. 247–289.
- Sami. „Læsi“, *Íslensk þjóðmenning* VI. bindi. *Munnmenntir og bókmenning*. Ritstj. Frosti F. Jóhannesson. Reykjavík 1989, bls. 117–144.
- Sami. *Kristni á Íslandi*. III. bindi. *Frá siðaskiptum til upplýsingar*. Ritstj. Hjalti Hugason. Reykjavík 2000.
- Mackenzie, George Steuart. *Travels in the Island of Iceland during the Summer of the Year MDCCCX* [1810]. Edinburgh 1811.
- Magnús Stephensen. „Formáli“, Guðmundur Jónsson, *Sumargjöf handa börnum*. Leirárgörðum vid Leirá 1795, bls. 3-10.
- Sami. „Blandede Efterretninger“, bls. 425–30. *Collegial-Tidende* 3. árg. 5. júní 1800.

- Sami. *Eptirmæli Atjándu aldar eptir Krists hínadbúrd, frá Ey-konunni Íslandi ...*
Leirárgörðum 1806. (Ritið birtist þetta ár í tveimur útgáfum með tvenns konar blaðsíðutali. Hér er vísað í útgáfuna sem fylgdi útgáfu tímaritsins *Minnisverd Tíðindi*).
- Margrét Eggertsdóttir. *Barokkmeistarinn. List og lærdómur í verkum Hallgríms Péturssonar*. Reykjavík 2005.
- Matthías Jochumsson. „Hallgrímur Pétursson. Erindi flutt í Akureyrarkirkju 1. sunnudag í föstu“, *Skírnir* 88. árg. Reykjavík 1914, bls. 182–200.
- Matthías Viðar Sæmundsson. „Heil öld á heljarþróm. Syndum spilltur eyndarlýður og straff Guðs“. *Lesbók Morgunblaðsins* 18. mars 1989, bls. 8n og 1. apríl sama ár, bls. 6n.
- Sami. „Íslands er þjóð, öll sökkt í blóð. Tyrkjarán og Spánverjavig“, *Skírnir*. 164. árg. Reykjavík haust 1990, bls. 327–361.
- Sami. „Upplýsingaröld 1750–1840“, *Íslensk bókmenntasaga* III. bindi. Ritstj. Halldór Guðmundsson. Reykjavík 1996, bls. 21–218.
- Sami. „Galdur og geðveiki. Um píslarsögur og galdrasóttir á sautjándu öld“, *Píslarsaga séra Jóns Magnússonar*. Matthías Viðar Sæmundsson sá um útgáfuna. Þórður Ingi Guðjónsson og Jón Torfason bjuggu viðauka til prentunar. Reykjavík 2001, bls. 343–419
- Óskar Halldórsson. *Bókmenntir á lærdómsöld 1550–1770*. Reykjavík 1996.
- Páll Eggert Ólason. *Menn og menntir siðskiptaaldarinnar á Íslandi*. II. bindi. Ögmundur Pálsson, Gizur Einarsson og samherjar hans. Reykjavík 1919.
- Sami. *Menn og menntir siðskiptaaldarinnar á Íslandi*. IV. bindi. *Rithöfundar*. Reykjavík 1926.
- Sigurður Guðmundsson. *Skýrsla um forngripasafn Íslands í Reykjavík*. I. bindi. 1863–1866, Kaupmannahöfn 1868, bls. 5–36.
- Sigurður Nordal. *Hallgrímur Pétursson og Passíusálmarnir*. Reykjavík 1970.
- Torfi K. Stefánsson Hjaltalín. „*guð er sá, sem talar skáldsins raust*“. *Trú og hugmyndafræði frá píetisma til rómantíkur*. Reykjavík 2006 [2006a].
- Sami. „Stólarnir á 18. öld. Stefnur og straumar“, *Saga biskupsstólanna. Skálholt 950 ára – 2006 – Hólar 900 ára*. Ritstj. Gunnar Kristjánsson. Reykjavík 2006 [2006b].
- Sami. *Íslensk kirkjusaga*. Reykjavík 2012.
- Porkell Bjarnason. „Þáttur úr sögu Íslands á síðari helming 16. aldar“, *Tímarit Hins íslenska bókmentafélags* 17. árg. 1896, bls. 19–91.
- Porkell Jóhannesson. *Saga Íslendinga*. VII. bindi. *Tímabilið 1770–1839. Upplýsingaröld*. Reykjavík 1950.
- Þorvaldur Thoroddsen. „Hugleiðingar um aldamótin“. *Tveir fyrirlestrar, Andvari* 26. árg. Reykjavík 1901, bls. 1–52.